

Fyrirspurn

til umhverfisstjórnanna um stóriðju og mengun.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu mikið var heildarútsreymi brennisteinsdíoxíðs (SO_2) af mannavöldum 2002:
 - a. á öllu landinu,
 - b. á svæðinu frá Grundartanga til Straumsvíkur?
2. Hyggst ráðherra veita heimild fyrir því að rafskautaverksmiðja verði reist á Katanesi og að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga verði stækkuð?
3. Hver verður árleg heildarlosun brennisteinsdíoxíðs af mannavöldum á landinu öllu með álveri í Reyðarfirði, stækkun álversins í Straumsvík í 460.000 tonn á ári, stækkun álversins á Grundartanga í 300.000 tonn á ári, 340.000 tonna rafskautaverksmiðju á Katanesi og stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga í 190.000 tonn á ári verði hún heimiluð?
4. Miðað við að stækkanir stóriðjuveranna þriggja á Grundartanga og í Straumsvík gangi eftir og rafskautaverksmiðja verði reist á Katanesi, hversu mikil verður þá heildarlosunin á svæðinu af:
 - a. brennisteinsdíoxíði (SO_2),
 - b. flúor,
 - c. þrávirkum efnum,
 - d. ryki,
 - e. koldíoxíði (CO_2) og öðrum gróðurhúsalofttegundum,
 - f. öðrum mengandi efnum?
5. Hver yrði áætluð heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju með tilkomu framangreinds verksmiðjureksturs og hvernig félli hún að „íslenska ákvæðinu“ og öðrum skuldbindingum Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni? Óskað er sundurliðunar eftir verksmiðjum.

Skriflegt svar óskast.
